

Alþingi  
Erindi nr. P 135/439  
komudagur 26.11.2007

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 23. nóvember 2007

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um lánamál og lánakjör einstaklinga, 20. mál.**

Neytendasamtökin hafa lengi vakið máls á því að lánakjör neytenda hér eru verri en annars staðar í okkar heimshluta. Þetta á sér í lagi við nú á tímum mikilla vaxtahækkana.

Því fagna Neytendasamtökin því ef til stendur að leita leiða við að koma skipan húsnæðislána í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndum. Þá telja samtökin nauðsynlegt að samkeppni innan fjármálageirans sé virk.

Í þeim tilgangi að bæta lánakjör er nauðsynlegt að fram fari ítarleg skoðun á ástæðum þess að þau eru lakari en í nágrannalöndum okkar og er því fagnað ef slík athugun verður að veruleika.

Neytendasamtökin lýsa því yfir stuðningi við framkomna tillögu til þingsályktunar um lánamál og lánakjör einstaklinga, sér í lagi hvað varðar það að ástæður fyrir slæmum lánakjörum hér verði skoðaðar ofan í kjölinn.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir.